



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands
Bakka 1 765 Djúpavogi

Múlaþing
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 14. nóvember 2023
MÍ202310-0072/ 6.09 / Þ.E.H.

Efni: Borgarland 27-29 og 50-54, Múlaþing - óveruleg breyting deiliskipulag

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi sveitarfélagsins Múlaþings í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um óverulega breytingu á deiliskipulaginu *Djúpivogur – Efsti hluti Borgarlands – deiliskipulag* (mál nr. 749/2023). Hægt var að hlaða breytingartillögunni niður, en hún er dags. 13.10.2023.

Gildandi deiliskipulag var samþykkt árið 2019 en verið er að gera breytingu á því til að bregðast við aukinni eftirspurn eftir hagkvæmum parhúsalóðum ásamt því að gera endurbætur á gatnakerfi og lóðarmörkum. Breyting er gerð á uppdrætti og greinargerð gildandi skipulags og tekur til lóða Borgarlands 23-29 og Borgarlands 50-54, ásamt samgöngukerfis. Lóðamörk og byggingarreitir lóða 23, 25, 27 og 29 breytast í stærð en lóðir 27 og 29 verða ekki lengur samtengd einbýlishús heldur stök hús. Lóðir 50, 52 og 54 fara úr þremur lóðum yfir í tvær, Borgarland 48 og 50, en þar verður heimilt að reisa raðhús og parhús. Aðkoma að svæðinu er í gegnum götuna Borgarland. Gert var ráð fyrir að vegslóði sem beygir til norðurs rétt vestan við Klifið yrði aflagður og tenging gerð á móts við Borgarland 48 til norðurs í átt að Víkurlandi. Nú er gert ráð fyrir að vegslóði sem beygir til norðurs rétt vestan við Klifið verði færður til austurs (til vesturs samkvæmt uppdrætti) með möguleika á að tengjast nýrri íbúabyggð við Fögruhlíðarklett.

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um tillögu að deiliskipulagi *Djúpivogur – Efsti hluti Borgarlands – deiliskipulag* með bréfi dags. 13. júní 2023. Einnig veitti stofnunin umsögn um breytingu á fyrrnefndu deiliskipulagi með bréfi dags. 28. september 2020.

Eins og þar kom fram liggur fyrir fornleifaskráning fyrir Djúpavog en hún var unnin árið 2018 af Fornleifastofnun Íslands ses.; *Aðalskráning fornleifa á Djúpavogi. Þéttbýli* (skýrsla nr. FS671-16302). Minjavörður skoðaði svæðið einnig á vettvangi í tengslum við umsögn stofnunarinnar um tillögu deiliskipulagsins árið 2019. Innan skipulagssvæðisins eru tvær fornleifar innan lóðar Borgarlands 19 auk þess sem gamla þjóðleiðin (SM-233:056) að kaupstaðnum lá um svæðið og í áttina að svokölluðu Klifi.

**Puríður Elísa
Harðardóttir**

Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

Minjastofnun Íslands vakti athygli á því að taka þyrfti fullt tillit til fornleifa en óheimilt sé að raska þeim á nokkurn hátt án leyfis stofnunarinnar sem og að þær nytu 15m friðhelgunarsvæðis skv. 21. og 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja er lokið innan ofangreinds skipulags. Engar þekktar fornleifar eru innan þeirra lóða sem ofangreind breytingartillaga nær til. Gamli kaupstaðarvegurinn liggur um svæðið en ummerki um hann sjást ekki vegna seinni tíma framkvæmda en vegurinn er enn í notkun.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við ofangreinda breytingu á deiliskipulagi Djúpivogur – Efsti hluti Borgarlands – deiliskipulag eins og hún hefur verið kynnt stofnuninni. Stofnunin minnir þó á fyrri umsögn sína um skipulagstillöguna sem snýr að öðrum fornleifum innan skipulagssvæðisins og þeim athugasemdum sem þar koma fram. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands